

Bæta sig sem kristilegur kennari – Persónulegt mat

Sem kennarar, ættum við að meta styrkleika okkar og veikleika reglulega, svo að við getum aðstoðað nemendur við að byggja upp trú á Jesú Krist og verða líkari honum.

Eftirfarandi verkefni getur hjálpað ykkur að tileinka ykkur reglur kristilegrar kennslu. Hugleiðið hversu vel hver þessarra eftirfarandi setninga lýsir ykkur sem kennara. Veljið mest viðeigandi svar fyrir hverja fullyrðingu: (1) sjaldan, (2) stundum, (3) oft, (4) næstum alltaf.

Veljið því næst, með hjálp andans, nokkur atriði sem þið mynduð vilja bæta. Setjið nokkur markmið og notið þessar upplýsingar til að hjálpa ykkur að bæta ykkur.

Einblínið á Krist

- Ég kenni um Jesú Krist, sama hvað ég er að kenna.
- Ég legg áherslu á fordæmi Jesú Krists.
- Ég hjálpa nemendum að bera kennsl á elsku Drottins, kraft og miskunn í lífi þeirra.
- Ég hjálpa nemendum að styrkja samband þeirra við himneskan föður og Jesú Krist.
- Ég hjálpa nemendum af ásetningu að vinna að því að verða líkari Jesú Kristi.

Elskið þá sem þið kennið

- Ég reyni hvað ég get að sjá nemendur á þann hátt sem Guð sér þá.
- Ég leitast við að þekkja þá sem ég kenni – að skilja aðstæður þeirra, þarfir og styrkleika.
- Ég bið fyrir nemendum með nafni.
- Ég skapa öruggt umhverfi, þar sem allir upplifa virðingu og vita að framlag þeirra er metið.
- Ég finn viðeigandi leiðir til að tjá kærleika minn.

Kenna með andanum

- Ég undirbý mig andlega fyrir að kenna.
- Ég bregst við andlegri hvatningu varðandi þarfir nemendanna.
- Ég skapa aðstæður og tækifæri fyrir nemendur til að læra af heilögum anda.
- Ég hjálpa nemendum að leita, bera kennsl á og bregðast við persónulegri opinberun.
- Ég gef vitnisburð minn oft og hvet nemendur til að miðla tilfinningum sínum, reynslu og vitnisburði.

Kennið kenninguna

- Ég læri kenningu Jesú Krists fyrir mig sjálfan.
- Ég kenni frá ritningunum og orðum síðari daga spámanna.
- Ég hjálpa nemendum að leita, bera kennsl á og skilja sannleika í ritningunum.
- Ég legg áherslu á sannleika sem leiðir til samræðna og byggir upp trú á Jesú Krist.
- Ég hjálpa nemendum að finna persónulegt gildi í kenningu Jesú Krists.

Stuðlið að kostgæfni í námi

- Ég hjálpa nemendum að taka ábyrgð á lærdómi þeirra.
- Ég hvet nemendur til að kynnast frelsaranum með því að læra fagnaðarerindið daglega.
- Ég býð nemendum að búa sig undir að læra.
- Ég hvet nemendur til að miðla þeim sannleika sem þeir eru að læra.
- Ég býð nemendum að lifa eftir því sem þeir eru að læra.